

# Foreldrahandbók



Uppfærð í júní 2023

## Innihald

Velkominn í Dalvíkurskóla .....	3
Áherslur skólans og markmið .....	3
Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla .....	3
Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra .....	3
Skólasókn .....	4
Óveður – almannavarnir .....	4
Skóladagatal .....	4
Mentor .....	4
Samskipti heimilis og skóla .....	4
Heimanám .....	5
Skólareglur .....	5
Uppbyggingarstefnan .....	5
Samskipta og eineltisteymi .....	5
Heilsuvernd .....	5
Nemendaverndarráð .....	6
Stoðteymi .....	6
Áfallaráð .....	6
Foreldrafélag .....	6
Skólaráð .....	6
Námsmat .....	7
Kennsluáætlanir .....	7
Bekkjarstarf .....	7
Matar & mjólkuráskrift .....	7
Frímínútur .....	7
Sund og íþróttir .....	7
Farsímareglur .....	8
Námsgögn .....	8
Til og frá skóla .....	8
Frístund .....	9
Afmæli .....	9
Hefðir og venjur í Dalvíkurskóla .....	9

# DALVÍKURSKÓLI

ÞEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

## Velkominn í Dalvíkurskóla

Kæru foreldrar

Í þessari handbók munt þú finna allar helstu upplýsingar sem þú þarft að vita til að vera foreldri barns í Dalvíkurskóla. Þetta er alls ekki tæmandi listi og lifandi plagg svo endilega láttu okkur vita ef þú tekur eftir því ef eitthvað er ekki rétt eða vantar.

Okkur hlakkar til að kynna barninu ykkar og vinna með því og vonumst við til að eiga í góðu og uppbyggjandi samstarfi við ykkur.

Skólastjórnendur.

### Áherslur skólans og markmið

Stefna skólans er að koma til móts við þarfir allra nemenda og að allir nemendur fái nám við hæfi. Stefnan endurspeglast í einkunnarorðum skólans sem eru Þekking og færni – Virðing og vellíðan. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri á sínum forsendum og að grunnþættir menntunar einkenni skólastarfið. Mikilvægt er að skapa góðar aðstæður fyrir nemendur og að námsumhverfið sé hvetjandi og styðji við allt nám. Unnið er að því að í skólanum ríki góður skólabragur og góður andi í kennslustundum. Virðing er forsenda þess að nemendum líði vel sem aftur er forsenda þess að nám fari fram í öruggum aðstæðum þar sem allir fá að njóta sín og beita þekkingu sinni og færni. Við lítum svo á að mistök séu leyfð og við nýtum þau til að læra af og gera betur í dag. Stuðla skal að því að uppræta einelti um leið og það kemur upp og efla samskipti allra nemenda. Stefna skólans skal endurspeglast í starfs- og kennsluháttum og samstarf og samvinna kennara sem og alls starfsfólks er einn af hornsteinum skólastarfsins.

### Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla

Starfsfólk skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan, mætingu og samskipti barna þeirra. Þeim ber einnig að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun nemenda í öllu starfi skólans.

### Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt, þeim ber að fylgjast með námsframvindu. Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðipjónustu og fræðslufirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun. Foreldrum ber ásamt barni að taka þátt í meðferð máls, en ef upp kemur ágreiningur er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila. Mikilvægt er að foreldrar komi upplýsingum til skóla ef eitthvað breytist í lífi barns. Foreldrar eru beðnir um að hafi samband í skólann ef því

# DALVÍKURSKÓLI

## ÞEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

liggur eitthvað á hjarta, mjög erfitt er að bregðast við og laga mál sem rata eingöngu á samfélagsmiðla.

### Skólasókn

Foreldrar bera ábyrgð á því að barnið mæti í skólann. Ef barn er veikt geta foreldrar skráð það í ástundun inn í Mentor eða hringt í ritara. Hægt er að sækja um til umsjónakennara ef barnið þarf leyfi í 1. dag. Foreldrar geta hringt í ritara og gengið frá læknisleyfi, ef barn má ekki mæta í íþróttir o.s.frv. Ef foreldrar þurfa lengra leyfi er sótt um það á [heimasíðu skólans](#). Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinni á meðan leyfi stendur. Því er mikilvægt að þeir hafi samband við kennara áður en haldið er í lengri leyfi. Við erum með [viðbragðsáætlun vegna ófullnægjandi skólasóknar](#).

### Óveður – almannavarnir

Þegar veður gerast vond, getur það oft talist álitamál hvenær hægt er að ætla nemendum að sækja skóla. Sé skóla á annað borð ekki aflýst með auglýsingu í útvarpi, sms sendingu eða tilkynningu á heimasíðu verður mat foreldra að ráða því hvenær nemendur eru kyrrsettir heima. Tilkynna skal slíkt í skólann eins fljótt og kostur er. Munið að nemendur eru á ábyrgð foreldra á leið í og úr skóla.

### Í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar er unnið samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

**A:** Bresti á slæmt veður þegar nemendur eru í skólanum verða þeir kyrrsettir þar til þeir hafa verið sóttir af foreldrum eða samband haft með öðrum hætti. Skólastjóri metur aðstæður og stjórnar heimferð nemenda.

**B:** Bresti á aftakaveður eða atburðir auglýstir af almannavörnum þegar nemendur eru í skólanum eru þeir kyrrsettir þar. Lögregluvarðstjóri (starfsmaður sýslumanns á Dalvík) metur aðstæður og stjórnar heimferð nemenda.

### Skóladagatal

Dalvíkurskóli gefur út skóladagatal fyrir hvert skólaár sem hægt er að finna á [heimasíðu skólans](#). Skóladagatalið sýnir skóladaga nemenda, starfsdaga kennara, uppbrotsdaga, samráðsdaga o.fl. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér skóladagatalið vel. Skólinn er með allskonar hefðir og venjur sem hægt er að lesa sig frekar til um í fylgiskjali 1.

### Mentor

Mentor er kerfi sem gefur foreldrum færi á að fylgjast með þeim upplýsingum sem skólinn skráir um skólagöngu barnsins. Foreldrar geta sótt þetta sem app í síma eða farið inn á [heimasíðu Mentors](#). Mentor hefur gefið út notendahandbók sem leiðir aðstandendur í gegnum það hvernig þeir geta nýtt sér kerfið. [Hana er að finna á heimasíðunni þeirra](#).

### Samskipti heimilis og skóla

Nemendur 1. bekkjar eru boðaðir í viðtal til kennara í upphaf skólagöngu. Samráðsviðtöl við foreldra eru tvisvar yfir skólaárið og skrá foreldrar sig í þau í gegnum Mentor. Börnin mæta með foreldrum í þessi viðtöl. Foreldrafundur er á haustin þar sem farið er yfir áherslur vetrarins. Ávallt er hægt að óska eftir viðtali með kennurum eða stjórnendum skólans en þá er mismunandi hvort börn eru viðstödd fundinn eða ekki. Þá óska kennarar eftir viðtali með

# DALVÍKURSKÓLI

## ÞEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

foreldrum ef þurfa þykir. Kennarar hafa samband við foreldra í gegnum Mentor, tölvupósta eða með símtali. Ætlast er til að foreldrar hafi sama háttinn á og hafi ekki samband við kennara nema í gegnum netfang og síma skólans á vinnutíma kennara milli kl. 08:00 – 16:00. Ekki er ætlast til þess af kennurum að þeir svari utan vinnutíma. Kennarar senda föstudagspóst í gegnum Mentor þar koma upplýsingar um vikuna og komandi daga. Mikilvægt að foreldrar mæti í foreldraviðtöl og á foreldrafundi og fylgist með upplýsingum frá skóla. Starfsfólk skólans er ekki með sérstaka viðtalstíma en alltaf er hægt að heyra í ritara og óska eftir samtali.

## Heimanám

Það er stefna skólans að nemendur fái hæfilegt heimanám og að því sé dreift sem jafnast yfir vikuna. Markmið heimanáms er að heimanám sé samstarfsverkefni heimilis og skóla. Að efla lestrarfærni og lesskilning nemenda og að nemandinn sé eflur sem námsmaður, skilningur dýpkaður og hæfni aukinn. Í 1. -4. bekk er aðal heimanámið heimalestur og er ætlast til að börnin lesi í a.m.k. 15. mín 5. skipti í viku. Í eldri bekkjum eykst námið og nemandinn vinnur að námsmarkmiðum sínum.

Kennurum **ber** að hafa samband við foreldra ef nemendur vinna ekki sína heimavinnu.

## Skólareglur

Samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 skulu grunnskólar setja sér skólareglur. Markmið skólareglna er að: – skapa góðan skólabrag og jákvæð og uppbyggileg samskipti – allir nemendur geti notið hæfileika sinna og séu öruggir í starfi skólans. Skólareglur þessar eru hluti af stefnu Dalvíkurskóla í umgengi og samskiptum. Þær gilda í öllu kennsluvæði skólans, á skólalóð, í ferðalögum og á viðburðum sem skólinn stendur fyrir. Við erum einnig með áætlun hvernig við bregðumst við nemendum í hegðunarvanda og ef þeir brjóta skýr mörk. [Hægt er að skoða þetta nánar á heimasíðu skólans.](#)

## Uppbyggingarstefnan

[Hugmyndakerfi sem starfsfólk notar í samskiptum og agamálum.](#) Áhersla á að kenna sjálfsaga, sjálfsstjórn og uppbyggileg samskipti. Markmiðið er að nemendur og starfsfólk upplifi uppbyggileg samskipti og að öllum líði vel. Stefnan byggir á því að við séum búin að eiga samtalið við nemendur og samstarfsfólk um það hvernig gildi við viljum hafa að leiðarljósi í skólaumhverfinu, það gerum við með sáttmáli. Við stefnum að þjálfva einstaklinga í að vera þeir sem þeir vilja vera og leitast þannig við að vera besta útgáfan af sjálfum sér.

## Samskipta og eineltisteymi

Dalvíkurskóli starfar eftir Olweusaráætluninni gegn einelti. Hjá okkur störfum við útfrá að þetta sé samskipta og eineltisteymi og er ástæðan fyrir því er að við viljum að starfsfólk og foreldrar geti leitað til teymisins varðandi samskiptavanda og fengið ráðgjöf og/eða aðstoð við að leita lausna. Foreldrar þurfa ekki að fylla út formlega beiðni heldur geta þeir haft samband við teymið á netfangið [samskiptaogeineltisteymi@dalvikurbyggd.is](mailto:samskiptaogeineltisteymi@dalvikurbyggd.is). Ef hins vegar leikur [grunur um einelti þá er farið eftir vinnuferlinu sem hægt er að kynna sér á heimasíðu skólans.](#)

## Heilsuvernd

[Markmið heilsuverndar grunnskólabarna](#) er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi heilsuverndar grunnskólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda og er unnið samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis og

# DALVÍKURSKÓLI

## ÞEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu um heilsuvernd grunnskólabarna. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er í náninni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi.

Heilsuvernd er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Heilsuvernd grunnskólabarna á Dalvík er sinnt af hjúkrunarfræðingum frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). [Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.](#)

### **Nemendaverndarráð**

Í skólunum starfar nemendaverndarráð. Hlutverk þess er að fjalla um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa og leita úrræða þegar vandamál koma upp. Ráðið er skipað stjórnanda, skólahjúkrunarfræðingi, iðjuþjálfra, verkefnastjóra í sérkennslu, og starfsmanni félagsþjónustunnar. Þessir aðilar fá síðan á sinn fund aðra sérfræðinga, foreldra og kennara eftir því sem við á. Ráðið má ekki taka fyrir mál einsakra nemenda nema með leyfi foreldra/forráðamanna.

### **Stoðteymi**

Í Dalvíkurskóla er stoðteymi og í því sitja verkefnastjóri sérkennslu, stoðkennari/sérkennari á eldra stigi, iðjuþjálfri, þroskaþjálfri, deildarstjóri yngra stigs og deildarstjóri eldra stigs sem jafnframt er teymisstjóri. Hlutverk teymisins er að halda utan um sér- og stuðningsmál í skólanum og meta hvar stuðningur nýtist sem best fyrir nemendur með hliðsjón af þeim mannauði sem er starfandi við skólann. Stoðteymi fundar þrisvar sinnum í mánuði og eru fundargerðir vistaðar hjá stjórnendum.

### **Áfallaráð**

Í áfallaráði sitja skólastjóri, deildarstjórar og starfsmenn úr stoðteymi skólans sem á einhvern hátt hafa reynslu eða þekkingu sem nýst gæti þeim sem verður fyrir áfalli.

Áfallaráð Dalvíkurskóla kemur að áföllum er varða nemendur, starfsmenn, forráðamenn og nána ættingja þeirra. Skólastjóri eða staðgengill hans ber ábyrgð á að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi. Áfallaráð hefur heimild til að óska eftir fagaðilum til aðstoðar ef þörf er á t.d. sóknarprest, lögreglu, hjúkrunarfræðing.

### **Foreldrafélag**

Samkvæmt 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal foreldrafélag starfa við grunnskóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Samkvæmt grunnskólalögum er hlutverk foreldrafélags að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrar geta komið með hugmyndir ofl með því að hafa samband við fulltrúa foreldra. [Sjá nánar á heimasíðu skólans.](#)

### **Skólaráð**

Samkvæmt 8. gr. grunnskólalaga skulu 9 manna skólaráð vera við grunnskóla og þar af tveir fulltrúar foreldra. Samkvæmt reglugerð nr. 1157/2008 skulu tveir fulltrúar foreldra vera kosnir í skólaráð samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr. 9. gr. laga um grunnskóla.

# DALVÍKURSKÓLI

## ÞEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

Foreldrar geta beint erindum til skólaráðs með því að vera í sambandi við fulltrúa foreldra. [Sjá nánar á heimasíðu skólans.](#)

### Námsmat

Námsmat fer heim með nemendum tvisvar á skólaári í desember og júní.

### Kennsluáætlanir

Allar kennsluáætlanir og markmiðasettningar námsgreina er að finna á heimasíðu skólans undir nemendur og velja síðan viðeigandi bekk.

### Bekkjarstarf

Mismunandi starf er milli bekkja en innan allra bekkja eru umsjónarmenn sem hafa mismunandi hlutverk eftir aldri og getu. Dæmi um verkefni umsjónarmanna geta verið frágangur í stofum, loka gluggum, þurrka af borðum, sækja drykki og glös á nestistímum ofl. Það er í höndum hvers umsjónarkennara að gefa ábyrgð og skapa góðan bekkjaranda. Foreldrar skipta gjarnan með sér hlutverkum og geta boðið sig fram í ýmis verkefni, sem kennari getur óskað eftir þegar eru uppkomudagar í bekknum eða vera með uppkomur fyrir börnin eftir skóla, bekkjarkvöld, en það er þá ekki á vegum kennarans.

### Matar & mjólkuráskrift

Norður veitingastaður sér um skólamatinn. Foreldrar greiða skólamatinn mánaðarlega og kemur reikningur inn á heimabankann. Þau börn sem eru ekki í hádegismat koma með nesti að heiman.

Nemendur geta verið í mjólkuráskrift og fengið mjólk í skólanum í nestistíma, það kemur reikningur inná heimabanka foreldra tvisvar að vetri. Skráð er í [matar og mjólkuráskrift](#) á heimasíðu skólans.

Í nestistíma koma börnin með nesti að heiman og mælumst við til þess að þau séu að koma með holt og gott nesti s.s. brauð, ávexti og grænmeti. Á eldra stigi (7.-10. bekkur) er í boði að koma með drykki í fernum í nesti, sem er ekki í boði á yngra stigi.

### Frímínútur

1.-6. bekkur fer út í frímínútur tvisvar - þrisvar yfir daginn og börnin þurfa því að koma klædd til útiveru. Veðrið getur verið fljótt að breytast og aldrei gott að þurfa að sitja í nokkra klukkutíma í blautum fötum. Mælt er með því að hafa auka föt í skólatöskunni en auka útiföt mega hanga frá mánudegi til föstudags. Skólareglur gilda í frímínútum en einnig eru sérstakar reglur fyrir útisvæðið og ákveðin leikföng þar s.s. hoppubelgin og sparkvöllinn.

### Sund og íþróttir

Börn fara tvisvar – þrisvar sinnum upp í íþróttahús í viku að sinna íþróttum og sundi. Á sunddögum þurfa börnin að mæta með sundfatnað, sundgleraugu, sundhettu og handklæði. Yfir vetrartíman er sérstaklega mikilvægt að mæta með sundhettu til að halda betur hita á litlum kroppum.

Í íþróttum þurfa allir að mæta með íþróttarföt eða þægilegan fatnað til hreyfingar og handklæði. Börn í 3.-10. bekk þurfa einnig að mæta með innanhús íþróttarskó. Allir sem eru með hár sem næst í teygju þurfa að hafa eitthvað í því í íþróttartímum.

# DALVÍKURSKÓLI

BEKKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

## Farsímareglur

Farsímar eru ekki leyfðir í Dalvíkurskóla. Ef börnin sjást með síma eða eru uppvísa af því að nota hann, fer síminn til ritara og foreldri þarf að sækja síman þangað. Ef börn **þurfa að einhverju ástæðum** að koma með síma í skólann geta þau komið með hann að morgni til ritara og sækja hann svo þangað í lok dags. Ef foreldrar þurfa að koma upplýsingum til barna sinna geta þau alltaf hringt í skólann og beðið ritara að koma upplýsingum áfram. Starfsmaður sem tekur síma af nemanda þarf að láta umsjónakennara vita sem skráir það í Mentor.

## Námsgögn

Dalvíkurskóli skaffar nemendum öll námsgögn. Foreldrar þurfa að leggja til skólatösku (nema 1. bekkur sem fær skólatösku í upphafi skólaárs.), íþróttarfatnað og nesti. Mikilvægt er að foreldrar kenni börnunum sínum að ganga vel um eigur sínar og annara.

## Til og frá skóla

Nemendur eru á ábyrgð foreldra til og frá skóla. Þau börn sem búa á Árskógsströnd eða inn í Svarfaðardal geta nýtt sér skólarútu og hægt er að kynna sér [áætlun hennar á heimasíðu skólans](#).

Við viljum benda foreldrum barna sem koma hjólandi í skólann á að **Foreldrar** bera ábyrgð á að börn þeirra **fari að landslögum** varðandi hjóla- og hjálmanotkun og þeir taka ákvörðun um hvort og hvenær þeir telja öruggt fyrir þeirra barn að koma á hjóli í skólann. **Öll börn yngri en 16 ára þurfa að hafa hjálm** og hann verður að passa barninu og sitja rétt á höfðinu. Athugið að þykkar húfur geta breytt því hvernig hjálmurinn hlífir. Það þarf að huga að settum umferðareglum en í Umferðarlögum: 44. gr. má sjá eftirfarandi: “*Börn og reiðhjól. Barn yngra en níu ára má ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri. Hjólreiðamaður sem náð hefur 15 ára aldri má reiða börn yngri en sjö ára, enda séu þeim ætluð sérstök sæti og þannig um búíð að ekki stafi hættu af hjólteinunum*”. Áður en barn fer eitt af stað er mikilvægt að það kunnir umferðareglur, hvernig þau eiga að komast yfir götu, að þau þekki öruggustu leiðina heim og sé í raun treystandi til að hjóla án fylgdarmans. Börn yngri en 9 ára mega því ekki fara ein síns liðs um gatnakerfið ef þau þurfa að vera á akbrautum. Hjóli börn yngri en 9 ára eins síns liðs á milli staða, verða þau að komast leiðar sinnar eftir gangstígum, gangstéttum og gangbrautum. Akbrautir eru bannsvæði, nema undir eftirliti fullorðinna.

Samkvæmt umferðarlögum er ekkert aldurstakmark á vélknúin hlaupahjól en ávallt skal fara eftir þeim viðmiðum og leiðbeiningum sem framleiðandi hjólsins leggur til. Í umferðarlögum kemur fram að það má ekki aka rafknúnu hlaupahjóli á akbraut. Leiðbeinum þeim yngstu og sýnum ábyrgð.

Vegna slysaþattu er ekki leyfilegt að hjóla á skólalóð á skólatíma. Börn mega einungis fara á hjóli milli skóla og íþróttarhús í fyrsta og síðasta tíma dagsins.



# DALVÍKURSKÓLI

BEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

## Frístund

Er heilsdagsskóli fyrir nemendur í 1.- 4. bekk. Opnunartími frístundar er að jafnaði um kl.13:25-16:15 og foreldrar geta valið um sveigjanlegan vistunartíma. [Hægt er að sjá nánar starfstíma, verðskrá ofl inn á heimasíðu skólans.](#)

## Afmæli

Þegar börn eiga afmæli er það í höndum kennara hvað hann vill gera. Börnin fá oft að skapa þessa menningu með kennaranum, hvort og hvenær afmælissöngur er sunginn, fyrstur í röð ofl en þetta er oftast í yngri bekkjum. Vegna ofnæmis hefur ekki verið sú hefð að börn séu að koma með eitthvað að heiman og bjóða uppá. Ef börn eru að bjóða hvort öðru í afmæli hvetjum við til þess að það sé gert utan skóla en höfum veitt undanþágu ef öllum bekknum er boðið.

## Hefðir og venjur í Dalvíkurskóla

### Haustönn

#### Göngudagur

Að hausti hefur einn skóladagur verið notaður í gönguferðir um umhverfið okkar.

Kennarar geta valið sér leiðir og börn í 5.-10. bekk, ákveðnar leiðir eru festar á aðra bekki.

- 1. Bekkur hefur farið upp að Seltóftum á Upsadal ásamt elstu nemendum leikskóla. Stefnt er að því að það sé annað hvert ár, hitt árið er skógreitur hjá Holti.
- 2. Bekkur gengur upp að girðingu á Böggvistaðardal
- 3.-4. Bekkur gengur til skiptis fram að kofa á Böggvistaðardal eða upp á Melrakkadal og niður að Brunklukkutjörn.
- 5.-6. Bekkur hefur val um Nykurtjörn eða Skeiðsvatn
- 7.-10. Bekkur hefur val um göngu í friðlandi, Bæjarfjall, Reykjaheiði.

Gönguleiðarnar geta verið mismunandi milli ára en þetta er algengast.

#### Berjadagur

Allir bekkir fara saman fyrir hádegi upp í fjall og týna ber. Við reynum að hafa skyr í matinn þegar þessir dagar fer fram.

#### Skólaferðalag 7. bekkjar í Dalvíkurskóla

7. bekkur fer á hverju hausti í viku skólabúðir á Reykjum. Umsjónakennarar fara í þessa ferð með nemendum. Nemendur Árskógarskóla fara með í þessa ferð og er það í hlutverki umsjónakennara að láta upplýsingar berast þangað. Umsjónakennarar halda utanum þessa ferð í samstarfi við deildarstjóra eldra stigs.

#### Myndatökur

Á hverju hausti fara nemendur í 2, 7 og 10 bekk í myndatöku sem fer fram í sal skólans. Ljósmyndari kemur á staðinn og myndar alla nemendur ásamt umsjónakennurum. Foreldrar geta síðan keypt myndirnar. Skólinn fær bekkjarmyndir sem fara upp á vegg.

#### Samvinna Dalvíkurskóla og leikskóla

Á hverju hausti er sett upp samstarfsáætlun milli leikskólans og 1. bekkjar. Deildarstjóri grunnskólans, deildarstjóri elstu deildar Krílakots og umsjónakennari 1. bekkjar hittast að

# DALVÍKURSKÓLI

## BEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

hausti og setja niður samstarf fyrir skólaárið þar sem skipaðir eru ábyrgðarmenn fyrir hverjum hitting. Á vorönn hittast deildarstjórar og fara yfir stöðu verðandi fyrstu bekkinga.

### Samstarf Dalvíkurskóla og Árskógarskóla

Samstarf milli Árskógarskóla og Dalvíkurskóla um nemendur sem að koma hingað á unglíngastig er í höndum kennara og deildarstjóra. Nemendur í 7. bekk koma í heimsókn áður en farin er ferð á Reyki og að auki nokkrum sinnum yfir árið áður en þau koma til okkar í 8. bekk.

### Skólaheimsóknir í framhaldsskóla

Nemendur 9. og 10. bekkja fara í skólaheimsóknir í framhaldsskólana á Akureyri og framhaldsskólann í Ólafsfirði þar sem þeir kynnst starfsemi skólanna til þess að auðvelda val á framhaldsskólanámi. Misjafnt er hvort þessar ferðir séu á haustin eða vorin. Allt skipulag verðandi þessar ferðir fara í gegnum deildarstjóra eldra stigs.

10. bekkur hefur síðustu tvö ár farið á nýnemadaga í MTR á haustin.

### Jólafondurdagur

Í byrjun aðventu koma foreldrar, nemendur og aðrir gestir í skólann og geta keypt hér föndur á kostnaðarverði og föndrað saman. Þennan dag hafa nemendur 10. bekkjar selt kaffi og meðlæti til fjáröflunar fyrir ferðasjóð sinn og hafa foreldrar lagt nemendum lið í undirbúningi og vinnu.

### Góðverkadagur

Þessi dagur snýst um að fara með gleði og hlýju úr í samfélagið okkar. Nemendur sinna hinum ýmsu verkefnum. Syngja fyrir fólk, baka smákökur og dreifa, fara á Dalbæ og spila, snyrta gamla fólk, fara í sveitina, í Árskóg og Krílakot o.fl. o.fl. að aðstoða eða gleðja náungann. Magnea Helgadóttir (Maggý) hefur séð um skipulagningu á þessum degi með aðstoð kennara.

### Helgileikurinn

Nemendur 5. bekkjar sjá um helgileikinn ár hvert. Nemendur æfa með sínum umsjónakennara í skólastofu og á sviði skólans. Nemendur sýna helgileikinn á aðventukvöldi í kirkjunni, á Dalbæ og á litlu jólum eldra og yngra stigs.

### Litlu – jól

Síðasta skóladag fyrir jólaeyfi eru haldin litlu-jól við Grunnskóla Dalvíkurbyggðar. Þá koma nemendur í betri fötunum og eiga saman hátíðlega stund með sínum bekkjarfélögum. Einnig koma bekkir hvers stigs saman í hátíðarsal þar sem m.a. eru sýnd skemmtiatriði, dansað í kringum jólatré og sungin jólalög. Við fáum jólasveina í heimsókn. Litlu – jól unglíngastigs fara fram um kvöldið á síðasta degi fyrir jólafrí.

### Jólapóstur

Sú hefð hefur skapast að nemendur 7.-10. bekkjar aflu fjár fyrir bókasafn skólans með því að bera út jólapóst á Dalvík gegn vægu gjaldi. Bæjarbúar koma með póstin í skólann á Þorláksmessu þar sem nemendur sjá um að flokka póstin. Síðustu ár hefur verið minna um jólakort en þá er fólk að koma með litla pakka til að senda. Nemendur í 8. – 10. bekk bera síðan út jólapóstinn á aðfangadag milli 10:00 – 12:00 klædd sem jólasveinar. Þeir nemendur sem eru bæði á Þorláksmessu og aðfangadag fá auka frídag í upphafi vorannar. Þessi hefð hefur verið við lýði á Dalvík frá því um 1940 og er mjög mikilvæg fyrir samfélagið okkar.

## Vorönn

### Upplestrarkeppnir

Síðustu ár hafa nemendur 7. bekkjar tekið þátt í “Stóru upplestrarkeppni” grunnskólanna. Markmið keppninnar er að efla íslenskt mál og færni nemenda í notkun þess sér til ánægju og heilla og vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði.

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Báðar keppnirnar hefjast á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Í 4. bekk er þetta meiri hátíð og minna um keppni þar sem nemendur eru saman eða einstaklingslega að lesa upp fyrir ættingja og vini.

Deildarstjórar sjá um að skrá bekkina til leiks í samvinnu við umsjónakennara. Umsjónakennarar sjá síðan um þessa vinnu og utenumhald.

### Bolludagur & sprengidagur

Eru venjulegir skóladagar, nemendur mega koma með rjómobollur í skólann í nesti. Þeir fá saltkjöt og baunir í matinn á sprengidaginn og kjötbollur eða fiskibollur á bolludaginn.

### Öskudagur

Öskudagur er mikill gleðidagur í skólanum okkur. Þennan dag fara nemendur út í bæ með starfsfólki skólans og syngja fyrir sælgæti. Í íþróttahúsinu er þrautabraut eftir hádegi fyrir nemendur í 1.- 6. bekk og kötturinn er slegin úr tunninni. Nemendur í 1. – 4. bekk klára skóladaginn sinn í íþróttahúsinu, nemendur í 5. – 6. bekk mega ráða hvort þeir fara í íþróttahúsið og 7. – 10. bekkur fer heim eftir hádegismat.

### Árshátíð

Á vorönn er sett upp stór sýning, þar sem nemendur skólans koma fram og sýna leikatriði, dans og söng. Haldnar eru nokkrar sýningar, bæði fyrir nemendur og gesti. Hver árgangur æfir og flytur atriði og taka allir nemendur þátt í sýningunni með einum eða öðrum þætti. Markmið með árshátíð er að þjálfa nemendur í að koma fram, vinna saman sem heild og vera áhorfendur. Umsjónakennari sér um að finna eða búa til atriði með/fyrir bekkinn sinn. Sem þau síðan æfa. Umsjónakennari getur haft samband við greinarkennara um aðstoð við sviðsmynd og yfirleitt eru búningar sendir heim og foreldrar sjá um að finna þá til.

**Hefð er fyrir því að föstudagurinn fyrir páskafrí sé á léttu nótonum, dekur og dúll**

### Hreinsunardagur

Í lok skólaárs ganga nemendur Dalvíkurskóla um bæinn sinn og hreinsa hann af öllu rusli sem komið hefur undan snjó. Í lok dags fá þeir grillaðar pylsur og djús. 9. bekkur týnir rusl austur á Sandi með Sæplast og byrjar þannig fjáröflun fyrir útskriftarferð 10. bekkjar

### Útskriftarferð og fjáröflun

Í lok 10. bekkjar hafa nemendur farið í ferðalag sem gjarnan stendur í tæpa viku. Umsjónakennarar fara í flestum tilfellum með í þessa ferð en foreldrar sjá um að skipuleggja ferðina og standa fyrir fjáröflun fyrir ferðina.

# DALVÍKURSKÓLI

ÞEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

## Skólaslit

Skólaslit fara fram í hátíðarsal skólans og er þeim skipt eftir aldursstigum. Í 1.-8. bekk byrja þau inn á sal þar sem skólastjórnandi fer með litla tölu og oft skemmtiatriði frá tónlistarskólanum. Að þeirri stund lokinni fara börn upp í stofu, fá vitnisburð og eru kvödd af kennurum. Á skólaslitum hjá 9.-10. bekk er 10. bekkur kvaddur formlega og þeim og aðstandendum þeirra boðið í veitingar sem 9. bekkur og foreldrar þeirra sjá um.